

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghellu 1
220 Hafnarfjörður

1. apríl 2026
UOS-3282/KG

Umsýslueftirlit hjá Terra umhverfisþjónustu hf., Berghellu, ID 16 þann 5. mars 2026

Umhverfis- og orkustofnun framkvæmdi í samræmi við 5. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fyrirvaralaust umsýslueftirlit án vettvangsheimsóknar, þann 5. mars 2026. Eftirlitið var framkvæmt vegna ábendingar sem borist hafði um grun um förgun úrgangs á starfsstöð.

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar grein 1.2 í starfsleyfi rekstraraðila, en þar segir að förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila sé bönnuð. Í upplýsingum frá rekstraraðila kom fram að Terra hefur losað vatnsblandaðan frostlög úr snjóbræðslukerfum í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1 í Hafnarfirði. Rekstraraðili hefur upplýst að heildarmagn þess vökva sem losað var í fráveitu á landsvísu á árinu 2025 hafi verið 21.821 kg. Rekstraraðili greindi frá því að þetta verklag hefði verið viðhaft allt frá árinu 2010 samkvæmt leiðbeiningum frá Úrvinnslusjóði. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að slíkar leiðbeiningar leysa rekstraraðila ekki undan þeirri lagalegu skyldu að fylgja skilmálum starfsleyfis síns á hverjum tíma.

Rekstraraðili byggir verklag sitt á því að vökvinn sé verulega þynntur og flokkist því sem hættulaus úrgangur. Stofnunin bendir á að starfsemi Berghellu 1 er afmörkuð við móttöku, flokkun, pökkun og geymslu úrgangs, en bann er lagt við förgun á svæðinu. Losun úrgangs í fráveitu telst til endanlegrar förgunar efnisins og er því ekki í samræmi við skilmála starfsleyfis, óháð því hversu mikið vökvinn hefur verið þynntur. Samkvæmt gr. 4.2 og 4.3 er rekstraraðila gert að vakta fráveituvatn og hvort það innihaldi mengunarefni í styrk yfir leyfilegum losunarmörkum starfsleyfis. Umrædd förgun hefur átt sér stað án þess að rekstraraðili hafi sýnt fram á með mælingum að fráveituvatn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi.	Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð. Rekstraraðili losar vatnsblandaðan frostlög í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1, 220 Hafnarfirði.

Með vísan til framangreindra atriða er ljóst að mótteknum frostlegi hefur verið fargað á starfsstöð rekstraraðila í stað þess að honum hafi verið komið í viðeigandi farveg til eyðingar eða endurvinnslu utan athafnasvæðis. Umhverfis- og orkustofnun óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu fráviki í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018. Áætlunin skal innihalda lýsingu á því hvernig tryggt verður að mótteknum frostlegi verði ráðstafað með lögmætum hætti í framtíðinni án þess að til förgunar komi á athafnasvæðinu.

Frestur til að skila úrbótaáætlun er til og með 21. apríl 2026.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits